



## GREINARGERÐ MEÐ ÚTGÁFU STARFSLEYFIS FYRIR SORPEYÐINGARSTÖÐ SUÐURNESJA

### INNGANGUR

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir sorpbrennslustöð Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja á tímabilinu 13. júní til 8. ágúst 2016. Tillagan lá frammi á skrifstofu Reykjanesbæjar á tímabilinu og var einnig aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Auk opinberrar auglýsingar á tillögunni var hún sérstaklega send til umsagnar umsækjanda, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Brunavarna Suðurnesja bs.

### ATHUGASEMDIR UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ UMHVERFISSTOFNUNAR

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gerði ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna.

Brunavarnir Suðurnesja bs. gerðu ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna.

Umsækjandi óskaði eftir fundi með Umhverfisstofnun að auglýsingatíma liðnum og kom þar á framfæri nokkrum ábendingum varðandi tillöguna:

- Grein 3.11: Umsækjandi fór fram á að kröfu um „steipt undirlag“ yrði breytt. Umhverfisstofnun varð við þeirri ósk og er nú farið fram á „bundið yfirborðslag“ í greininni.
- Grein 4.9: Umsækjandi fór fram á að ekki yrði gerð krafa um að útblásturshraði frá stöðinni væri meiri en 20m/s. Í auglýstri tillögu kom einnig fram að Umhverfisstofnun er heimilt að samþykkja minni útblásturshraða ef niðurstöður loftdreifilíkans sýni að ekki sé hætt á niðurdrætti, og lá fyrir að það væri sú leið sem rekstraraðili yrði að fara til að uppfylla þessa grein starfsleyfisins. Umhverfisstofnun varð við beiðni umsækjanda og er textinn nú á þá leið að rekstraraðili skuli sýna fram á með loftdreifilíkani að útblásturshraði sé nægjanlegur til að tryggja að ekki verði niðurdráttur. Þá er tekið fram að niðurstöðum loftdreifilíkans skuli skilað til Umhverfisstofnunar ekki seinna en ári eftir útgáfu starfsleyfisins.
- Grein 5.3: Í auglýstri tillögu var farið fram á að kvörðun á símælíbúnaði færi fram árlega. Að beiðni rekstraraðila var þessu breytt í þriðja hvert ár, sem er þá í samræmi við eldra starfsleyfi sorpbrennslustöðvarinnar og reglugeð 739/2003 um brennslu úrgangs.